



Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd  
Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður

Reykjavík, 16. febrúar 2024

2402140

6.00

Efni: Umsögn um 35. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um endurnot opinberra upplýsinga, nr. 45/2018 (mjög verðmæt gagnasett, EES-reglur o.fl.).

Í 2. gr. frumvarps um breytingu á lögum um endurnot opinberra upplýsinga, sem nú er til umfjöllunar hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis, er lagt til að gildissviði laganna verði breytt og að þau taki framvegis til Alþingis og stofnana þess. Í greinargerð með frumvarpinu er breytingin rökstudd með eftirfarandi hætti:

Í frumvarpi til laga um endurnot opinberra upplýsinga, nr. 45/2018, var í fyrsta sinn tekið fram að lagaákvæðin taki ekki til Alþingis, stofnana þess og dómstóla. Sama regla var talin gilda í framkvæmd þar sem upplýsingalög tóku í heild sinni ekki til þessara handhafa ríkisvalds. Með lögum nr. 72/2019, um breytingu á upplýsingalögum (útvíkkun gildissviðs o.fl.), var gildissvið upplýsingalaga víkkað út þannig að handhöfum löggjafar- og dómsvalds varð að meginstefnu skylt að fylgja sömu efnisreglum og handhöfum framkvæmdarvalds við ákvarðanir um rétt almennings til aðgangs að gögnum í vörslum þeirra. Þá höfðu ákvæði um endurnot opinberra upplýsinga verið færð í sérlög og hafði gildissviðsbreytingin ekki áhrif á þau. Rétt þykir því að fella brott ákvæði sem undanskilja Alþingi og stofnanir þess og dómstóla frá ákvæðum laganna til þess að tryggja samræmi landsréttar og EES-réttar.


Í skýringum við 2. gr. frumvarpsins segir einnig:

Í b-lið er lagt að 4. og 5. tölul. 4. mgr. 2. gr. falli brott og Alþingi, stofnanir þess og dómstólar falli nú undir ákvæði laganna. Það er gert til að gæta samræmis við gildissvið tilskipunar (ESB) 2019/1024 sem hér er innleidd. Í forsendukafla tilskipunarinnar er tekið fram að með hugtakinu opinber aðili sé átt við þá aðila sem fara með framkvæmdarvald, löggjafarvald og dómvald. Við niðurfellingu ákvæðanna skapast ekki sjálfstæður réttur til aðgangs að opinberum upplýsingum hjá Alþingi, stofnunum þess og dómstólum, heldur byggist rétturinn til aðgangs eftir sem áður á upplýsingalögum, nr. 140/2012.

Af þessu tilefni vill skrifstofa Alþingis taka fram að handhöfum löggjafarvalds hefur ekki „að meginstefnu“ verið skylt að fylgja sömu reglum og gilda um framkvæmdavaldið um ákvarðanir um rétt almennings til aðgangs að gögnum. Hið rétta er að gildissvið upplýsingalaga, nr. 140/2012, tekur til stjórnýslu Alþingis eins og hún er nánar afmörkuð í lögum um þingsköp Alþingis og reglum forsætisnefndar sem settar eru á grundvelli þeirra, sbr. 1. másl. 4. mgr. 2. gr. upplýsingalaga. Gildissvið upplýsingalaga tekur því ekki til þeirrar starfsemi sem fram fer af hálfu Alþingis sem fulltrúarsamkomu þjóðkjörinna fulltrúa, sbr. 2. mgr. 91. gr. laga um þingsköp Alþingis. Upplýsingalög taka enn fremur ekki til umboðsmanns Alþingis, ríkisendurskoðanda og rannsóknarnefnda samkvæmt lögum um rannsóknarnefndir, sbr. 2. másl. 4. mgr. 2. gr. upplýsingalaga.

Sé ætlunin að taka mið af gildissviði upplýsingalaga við breytingu laga um endurnot opinberra upplýsinga væri því rétt að leggja til breytingu á b-lið 2. gr. frumvarpsins þannig að 4. tölul. 4. mgr. 2. gr. laganna hljóði svo: „störf Alþingis og stofnanir þess“.

Að lokum vill skrifstofa Alþingis taka fram að ekki var haft samráð við þingið við vinnslu frumvarpsins.



Ragna Árnadóttir  
skrifstofustjóri Alþingis